

AUGLÝSING

**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/2004
um heimild handhafa flugrekstrarleyfa útgefna af Flugmálastjórn Íslands til að
taka upp JAR-OPS 1, Amendment 6, útg. 1. ágúst 2003.**

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 hefur Flugmálastjórn Íslands ákveðið að frá og með 1. september 2004 skuli handhöfum flugrekstrarleyfa útgefna af Flugmálastjórn Íslands heimilt að taka upp og fylgja JAR-OPS 1, Amendment 6, útg. 1. ágúst 2003, í því skyni að hljóta vottun sem fullgildir JAR-OPS 1 flugrekendur innan aðildaríkja Flugöryggisamtaka Evrópu, JAA. Samhliða mun Flugmálastjórn Íslands veita þeim flugrekendum sem neyta þessarar heimildar, undanþágu frá þeim ákvæðum í II.-hluta reglugerðar nr. 780/2001 um flutningaflug með síðari breytingum, sem ekki eru í fullu samræmi við ákvæði JAR-OPS 1, Amendment 6.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 10. ágúst 2004.

Borgeir Pálsson flugmálastjóri.